



Prjónaður kleinuhringur

Höfundur: Elín Arndís Gunnarsdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENNAANS Verkefni í textílmennt fyrir 8.bekk



Aðferð:

Prjónaverkefni

Áhöld:

- ✓ 4 sokkprjónar nr. 3,5
- ✓ 4 sokkprjónar nr. 2,5
- ✓ Gróf javanál
- ✓ Fín oddhvöss nál

Efni:

- ✓ Garn
- ✓ Tróð
- ✓ Tvinni
- ✓ Litlar perlur




Vinnulýsing fyrir nemendur

- 1 Fitjið upp 50 lykkjur með húsgangsfiti á prjón nr. 3,5. Notið ljósbrúnt garn.
- 2 Skiptið lykkjunum yfir á þrjá prjóna nr. 3,5 þannig að þið hafið 16 lykkjur – 18 lykkjur – 16 lykkjur á prjónunum.
- 3 Tengið saman prjónana og prjónið í hring. Merkið byrjun með prjónamerki.
- 4 Prjónið slétt prjón 11 umferðir.
- 5 Skiptið yfir á prjóna nr. 2 og prjónið 2 lykkjur saman eina umferð (einn hring). Lykkjufjöldi er nú 25 lykkjur.
- 6 Prjónið slétt prjón 4 umferðir.
- 7 Skiptið yfir á prjóna nr. 3,5 og aukið út í annarri hverri lykkju. Þá eru 50 lykkjur á prjóninum.
- 8 Klippið endann ca. 5 cm frá og skiptið um lit að eigin vali.
- 9 Prjónið slétt prjón 10 umferðir.
- 10 Fellið af allan hringinn.
- 11 Klippið endann ca 5 cm frá og notið grófu javanálina til að draga endann í gegnum síðustu lykkjuna. Gangið frá endanum á röngunni.
- 12 Notið grófu javanálina og saumið hringinn saman á réttunni. Notið til þess ljósbrúnt garn. Troðið í kleinuhringinn á meðan hann er saumaður saman.
- 13 Notið fínu oddhvössu nálina og tvinna til að festa perlur á kleinuhringinn.

Muna eftir að skipta um lit.



Notið kleinuhringinn fyrir i-podinn eða gemsann – eða sem skraut í hárið.




Uppfitjun – Húsgangsfít:




1. Setjið bandið yfir tvo fingur og kreppið hina þrjá.



2. Takið þrjón í hina höndina og dragið bandið fram. Munið að halda því föstu með fingrinum.



3. Farið svo með þrjóninn undir bandið á þumalfingri.



4. Sækið bandið sem er á vísifingri og komið með það sömu leið til baka út hjá þumalfingri.




5. Þá koma tvær lykkjur í einu, en það er bara í fyrsta sinn.



6. Endurtakið 3, 4 og 5. Þá kemur ein lykkja í einu. Fitjið upp áfram eins margar lykkjur og óskað er.



Leggið bandið eins og myndin sýnir yfir og undir fingurna til skiptis. Byrjið svo að þrjóna.



Svona er haldið á þrjónunum!